

REGLUGJÖRÐ

um

viðauka við fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu
frá 1. maí 1918.

13
7. apríl

1. gr.

Aftan við 12. gr. bætist:

Þar sem stendur „á sumrum“ í grein þessari, merkir það alt að viku fyrir göngur.

2. gr.

Aftan við 68. gr. bætist:

En þann mann, sem aflífar eða sker fjeð, má ekki nota til þess að skoða mörkin.

3. gr.

Aftan við 69. gr. bætist:

Þegar reka skal sölufjeð úr sýslunni, skal skýrsla gerð um tölu og mörk á því fje. Skal skýrsla þessi gerð í tvennu lagi. Annað eintakið sje afhent hlutaðeigandi hreppstjóra þegar rekstur fer, en hitt hafi formaður sölurekstrar undir höndum og fái hann á það áritun eftirlitsmanns á sölustaðnum um að skráin sje rjett, og afhendi síðan til hreppstjóra, þegar heim er komið.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 og lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí 1923.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. apríl 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.